Hagfræði 113 (HAG 113)
Kennsluáætlun haustönn 2014

Kennari	Hálfdán Örnólfsson	**Sk.st.**	HÖR

Áfangalýsing: Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemendur geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga.

Markmið: *Að áfanganum loknum skulu nemendur:*

- þekkja grundvöll hagfræðinnar sem fræðigreinar, meginviðfangsefni og grundvallarspurningar
- þekkja helstu einkenni markaðshagkerfis og blandaðs hagkerfis
- þekkja grunneiningar hagkerfisins og meginhlutverk þeirra
- þekkja lögmál markaðarins og geta útskýrt meginþætti verðmyndunar á markaði
- þekkja til helstu aðila á vinnumarkaði og þeirra þátta er mestu varða í samskiptum þeirra og í launamyndun almennt.
- Þekkja hringrás opins, blandaðs hagkerfis
- þekkja til ráðstöfunaruppgjörs þjóðhagsstærða.
- geta skýrt þann mun sem er á vergum hagstærðum og hreinum, þjóðarframleiðslu og landsframleiðslu, markaðsverði og þáttaverði.
- þekkja helstu tekjuhugtök og aðferðir við að skoða tekjuskiptingu
- Þekkja til helstu umsvifa hins opinbera í efnahagslífinu og aðferða til fjármögnunar þeirra
- þekkja til helstu aðila á peningamarkaði, þekkja hlutverk seðlabanka og geta útskýrt hvaða þættir ákvarða peningaframboð, peningaeftirspurn og þar með vaxtastigið
- þekkja til helstu ákvörðunarþátta utanríkisviðskipta s.s. kenninga um hlutfallslega og hreina hagkvæmni
- þekkja til greiðslujafnaðar og samsetningar hans með sérstakri áherslu á viðskiptajöfnuð
- þekkja helstu áhrifaþætti nafngengis gjaldmiðla og tilhögun við skráningu á gengi íslensku krónunnar
- þekkja hugtakið hagvöxtur, helstu ákvörðunarþætti og vanda við mat á honum m.a. með tilliti til umhverfisvandamála.
- þekkja til helstu vandamála í efnahagslífinu s.s verðbólgu, atvinnuleysis og erlendrar skuldasöfnunnar.

Námsgögn: Námsefni verður lagt fram á moodle vef áfangans. Nánari upplýsingar hjá kennara.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
35.	Inngangur að þjóðhagfræði, Hagkerfið og grunneiningar þess	Verkefni 1 Verkefni 2
36.	Verðmyndun	Verkefni 3
37.	Verðmyndun	Verkefni 3
38.	Vinnumarkaður	Verkefni 4 **Skilaverkefni 1**
39.	Efnahagshringrás, þjóðhagsreikningar I	Verkefni 5
40.	Efnahagshringrás, þjóðhagsreikningar II	Verkefni 6 **Skilaverkefni 2**
41.	Tekjur, neysla, sparnaður og fjárfestingar	Verkefni 7
42.	Hið opinbera	Verkefni 8
43.	Peningamarkaður	Verkefni 9
44.	Peningamarkaður	Verkefni 9
45.	Utanríkisviðskipti	Verkefni 10
46.	Utanríkisviðskipti	Verkefni10 **Tímapróf 1**
47.	Efnahagsþróunin, hagstjórn	Verkefni 11
47. -49.	Upprifjun.	Verkefni 12 **Tímapróf 2**

Námsmat og vægi námsþátta:

Skilaverkefni 1	10%
Skilaverkefni 2	10%
Tímapróf 1	10%
Tímapróf 2	10%
Lokapróf	60%

Með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf á önninni

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils